

Föstudaginn 3. mars 1978.

Nr. 143/1975. **Þórisós h/f**

(Jón Þorsteinsson hrl.)

gegn

Mosfellshreppi

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Aðstöðugjald. Lögtaksgerð úr gildi felld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. október 1975. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði úr gildi felld og synjað um framkvæmd lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður fjöldi nýrra gagna, og verður meginefni þeirra rakið hér.

Hinn 12. júní 1970 var tilkynnt til firmaskrár Rangárvallasýslu stofnun sameignarfélagsins Þórisóss s/f. Heimilisfang félagsins var talið að Skarði í Landsveit. Markmið þess var að hafa á hendi gerð miðlunarmannvirkja við Þórisvatn. Stofnendur skyldu bera sameiginlega og hver í sínu lagi ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélagsins og það skyldi vera sjálfstæður skattaðili. Tilkynning þessi var birt í Lögbirtingablaði 2. september 1970. Þórisós s/f hóf mannvirkjagerð við Þórisvatn sem verktaki og síðar víðar á landinu, meðal annars við Vesturlandsveg. Starfaði félagið að því verki á árunum 1971 og 1972.

Hinn 3. febrúar 1973 var tilkynnt til hlutafélagaskrár Rangárvallasýslu stofnun hlutafélagsins Þórisóss, sem hefði heimilisfang að Skarði í Landmannahreppi. Í tilkynningu

segir, að hlutafélagið taki við öllum rekstri Þórisóss s/f frá og með 1. janúar 1973. Sama dag tilkynnti Þórisós s/f, að það félag væri hætt störfum og þess óskað, að það væri afmáð úr firmaskrá. Skráðir eigendur sameignarfélagsins og Þórisóss h/f ábyrgðust óskipt allar skuldbindingar sameignarfélagsins. Tilkynningar þessar voru birtar í Lögbirtingablaði 30. maí 1973.

Í máli þessu er fjallað um aðstöðugjald vegna verktaka- starfsemi Þórisóss s/f við lagningu Vesturlandsvegur á árunum 1971 og 1972. Hefur áfrýjandi lýst yfir því, að hann beri ábyrgð á greiðslu gjaldsins og að lögtakinu sé réttilega að sér beint.

Með bréfi 14. maí 1974 tilkynnti skattstjórinn í Reykjanesumdæmi, að fyrirhugað væri að leggja aðstöðugjald til stefnda á Þórisós s/f vegna verktakastarfsemi við Vesturlandsveg. Var jafnframt frá því skýrt, að aðstöðugjaldsstofn á gjaldárinu 1972 næmi 70.256.272 krónum og 189.490.573 krónum á gjaldárinu 1973. Áfrýjandi svaraði bréfi þessu 17. s. m. og mótmælti álagningu aðstöðugjaldsins. Hinn 28. maí 1974 tilkynnti skattstjórinn áfrýjanda, að á hann hefði verið lagt aðstöðugjald til Mosfellshrepps. Næmi gjaldið 456.700 krónum árið 1972 og 1.231.700 krónum árið 1973. Þá bæri áfrýjanda að greiða viðlagagjald árið 1973, 663.200 krónur, samkvæmt 3. tl. 8. gr. laga nr. 4/1973. Enn var áfrýjanda gert að greiða 25.325 krónur samtals bæði árin í kirkjugarðsgjald samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laga nr. 21/1963.

Áfrýjandi kærði gjaldálagningu þessa 7. júní 1974. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi úrskurðaði 30. ágúst 1974, að aðstöðugjaldsálagningin skyldi óbreytt standa. Áfrýjandi skaut þá málinu til ríkisskattanefndar 10. september 1974. Ríkisskattanefnd staðfesti úrskurð skattstjóra með úrskurði 23. maí 1975.

Almennur lögtaksúrskurður vegna ógreiddra en gjaldfallinna gjalda til Mosfellshrepps var kveðinn upp 16. september 1974 og birtur á venjulegan hátt.

Hinn 14. ágúst 1975 fór stefndi þess á leit, að gert yrði lög- tak í eignum áfrýjanda til tryggingar gjöldum þessum, sam-

tals 2.376.925 krónum, auk vaxta og kostnaðar við lögtaksgerðina.

Lögtakið fór fram í Reykjavík 15. ágúst 1975. Mætti prókúruhafi áfrýjanda, Hjörtur Hansson, við gerðina og benti á eignir til lögtaks. Aðiljar eru sammála um, að rétt hafi verið að framkvæma gerðina í Reykjavík, enda hafi aðal-skrifstofa áfrýjanda verið þar á þessum tíma.

Áfrýjandi, sem ekki hefur haft uppi athugasemdir um fjárhæð aðstöðugjaldsstofnsins og ákvörðun gjaldanna, byggir kröfur sínar á því, að Þórisós s/f hafi ekki verið aðstöðugjaldsskyldur í Mosfellshreppi. Vegarkafli sá, sem hér er fjallað um, hafi verið 11 km langur og legið um þrjú sveitarfélög. Af veginum hafi 1,645 km legið innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, 6,342 km innan Mosfellshrepps og 3,013 km innan Kjalarneshrepps. Skrifstofuhald, mannráðningar og kaupgreiðslur vegna framkvæmdanna hafi farið fram í Reykjavík, en þar og í Kópavogi hafi allur þorri starfsmanna verið búsettur. Starfsmenn hafi farið heim og að heiman kvölds og morgna. Fæði starfsmanna hafi verið keypt á Álafossi frá 9. júní 1971 til 1. júní 1972, en frá þeim degi til 15. desember 1972 hafi Þórisós s/f rekið mötuneyti fyrir þá að Hlégarði í Mosfellssveit. Á Helgafellsmelum í Mosfellssveit hafi verið vinnuskáli og hafi þar verið aðstaða fyrir verkstjóra, mælingamenn og staðarverkfræðing, alls 2—3 menn. Steypustöð vegna framkvæmdanna hafi árið 1972 verið rekin í Kjalarneshreppi. Aðstaða og starfsemi Þórisóss s/f í Mosfellshreppi hafi því ekki verið slík, að stefnda væri heimilt að leggja á félagið aðstöðugjald samkvæmt 36. gr. og 40. gr. laga nr. 8/1972, sbr. 1. og 8. gr. reglugerðar nr. 81/1962.

Stefndi telur, að Þórisós s/f hafi haft fast stjórnunaraðsetur í Mosfellshreppi á þeim tíma, sem hér er um fjallað. Þar hafi félagið haft skrifstofu með síma og rekið þar mötuneyti fyrir starfsmenn sína. Félagið hafi því haft heimilisfasta atvinnustofnun í Mosfellshreppi. Samkvæmt ákvæðum 40. gr. laga nr. 8/1972 og 8. gr. reglugerðar nr. 81/1962 beri áfrýjanda því að greiða aðstöðugjald til stefnda vegna allrar verktakastarfsemi Þórisóss s/f við lagningu Vesturlandsvegar.

Um aðstöðugjald það, sem hér er um fjallað, gilda ákvæði V. kafla laga nr. 8/1972. Í 1. mgr. 36. gr. laga þessara segir, að sveitarstjórnnum sé heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafi í sveitarfélaginu. Í 1. mgr. 40. gr. laganna segir meðal annars, að innheimta megi aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef „hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun eða hefur þar atvinnustofnun, svo sem útibú . . .“ Í reglugerð um aðstöðugjald nr. 81/1962, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga, segir svo í 2. mgr. 8. gr., að gjaldandi teljist „hafa heimilisfasta atvinnustofnun í öðru sveitarfélagi, ef hann hefur þar afnot af fasteign vegna starfsemi sinnar þar.“

Þegar virt er starfsemi Þórisóss s/f í Mosfellshreppi og rekstraraðstaða félagsins þar, sem að framan er lýst, verður eigi talið, að hún hafi verið slík, að félagið hafi haft þar heimilisfasta atvinnustofnun samkvæmt ákvæðum a liðs 1. mgr. 40. gr. laga nr. 8/1972, sbr. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 81/1962. Er því áfrýjanda eigi skylt að greiða aðstöðugjald til stefnda. Verður því að fella hina áfrýjuðu lögtaksgerð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er felld úr gildi og synjað um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, var Þórisóss s/f stofnað til þess að hafa með höndum sem verktaki gerð miðlunarmannvirkja við Þórisvatn. Samkvæmt tilkynningu til

firmaskrár Rangárvallasýslu var heimili þess talið að Skarði í Landsveit, en atvinnu sína hefur félagið frá öndverðu rekið að mestu eða öllu leyti utan þess sveitarfélags. Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, skiptist verktakastarfsemi Þórisóss s/f í þrjá meginþætti, þ. e. gerð miðlunarmannvirkja við Þórisvatn, lagningu Suðurlandsvegur og lagningu Vesturlandsvegur. Er mál þetta sprottið af álagningu aðstöðugjalds í Mosfellshreppi á Þórisós s/f vegna verktakaframkvæmdanna við Vesturlandsveg árin 1971 og 1972.

Framkvæmdir við þann hluta Vesturlandsvegur, sem Þórisós s/f tók að sér með verksamningi að leggja, hófust 18. maí 1971, og þeim lauk ekki fyrr en 31. ágúst 1973. Hafði þá Þórisós h/f tekið við verkframkvæmdunum sem réttar-taki Þórisóss s/f, eins og greint er í atkvæði meiri hluta dóm-enda. Framkvæmdirnar við lagningu Vesturlandsvegur voru mjög veigamikill hluti atvinnurekstrar Þórisóss s/f árin 1971 og 1972. Virðast vergar tekjur félagsins af verkinu hafa numið 72.169.664 krónum af 344.083.135 króna heildartekjum fyrra árið, en 139.932.813 krónum af 298.052.917 króna heildartekjum síðara árið. Meðan á framkvæmdum stóð, reisti Þórisós s/f skála á Helgafellsmelum og hafði þar nokkra skrifstofuaðstöðu, svo sem fyrir staðarverkfræðing, verkstjóra og mælingamenn. Mötuneyti rak félagið fyrir starfsmenn sína í Hlégarði í Mosfellssveit frá 1. júní 1972 til 15. desember 1976, en hafði fram að þeim tíma keypt fæði fyrir þá á Álafossi.

Sá hluti Vesturlandsvegur, sem Þórisós s/f lagði, lá að vísu um fleiri sveitarfélög en Mosfellshrepp, en þar var þó lengsti hluti vegarkafans, og þar voru þær aðalstöðvar, sem félagið taldi þörf á að koma upp á framkvæmdastaðnum. Verkframkvæmdirnar voru alllangvarandi, svo sem aður er greint, og þær voru svo umfangsmiklar, að þær gengu næst verkframkvæmdunum við Þórisós árið 1971, en voru mestar allra framkvæmda Þórisóss s/f árið 1972. Við atvinnurekstur sinn í Mosfellshreppi hafði Þórisós s/f nokkur afnot fast-egna, svo sem greint var. Verður samkvæmt þessu að telja, að Þórisós s/f hafi haft með höndum atvinnurekstur í Mos-

fellshreppi þess eðlis, að þar hafi verið um að ræða heimilis-
 fasta atvinnustofnun í skilningi a liðs 1. mgr. 40. gr. laga nr.
 8/1972, sbr. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 81/1962. Var
 stefnda því heimil álagning aðstöðugjalds á Þórisós s/f í
 Mosfellshreppi árin 1972 og 1973 svo og kirkjugarðsgjalds
 sömu ár, sbr. 26. gr. laga nr. 21/1963, og viðlagagjalds árið
 1973, sbr. 3. tl. 8. gr. laga nr. 4/1973. Samkvæmt þessu tel
 ég, að staðfesta beri hina áfrýjuðu lögtaksáðgerð, en eftir
 atvikum sé rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Lögtaksgerð fógataréttar Reykjavíkur 15. ágúst 1975.

Ár 1975, föstudaginn 15. ágúst, var fógataréttur Reykjavíkur
 settur að Vagnhöfða 5 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta
 Jóni P. Emils með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið
 D-255/1975: Mosfellshreppur gegn Þórisósi h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2—6 fylgiskjöl. Nr.
 1—6 fylgir með í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigurður Sigurjónsson héraðsdóms-
 lögmaður og krefst lögtaks fyrir kr. 2.376.925, í innheimtulaun
 samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 2.000 fyrir gerðarbeiðni, kostnaði við
 gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér, en fyrir hann mætir Hjörtur Hansson
 verkfræðingur, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst
 hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu
 mætta lýsti fógeti yfir lögtaki í eign gerðarþola: Euclid bifreið nr.
 G 1459.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og
 brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá lögtakinu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.